



**89. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar  
mánudaginn 21. október 2013, kl. 18:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 24. september 2013
    - b) Stjórnar Félags-og skólaþjónustu frá 15. október 2013
    - c) Stjórnar bs. um menningu og atvinnumál frá 14. október 2013
  2. Bréf frá fjárlaganefnd dags. 26. september 2013
  3. Fjárhagsáætlun 2014
  4. Önnur mál
- 

**Afgreiðslur:**

1. Fundargerðir:
  - a) **Stjórnar bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 24. september 2013**  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) **Stjórnar Félags-og skólaþjónustu frá 15. október 2013**  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) **Stjórnar bs. um menningu og atvinnumál frá 14. október 2013**  
*Lögð fram til kynningar*
2. **Bréf frá fjárlaganefnd dags. 26. september 2013**  
*Fjárlaganefnd Alþingis býður fulltrúum sveitarfélaga og/eða landshlutasamtaka þeirra til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við vinnu nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarps 2014.*  
  
*Bæjarstjóri Blönduósarbæjar mun mæta fyrir fjárlaganefnd.*
3. **Fjárhagsáætlun 2014**  
*Bæjarstjóri lagði fram tímaáætlun fyrir vinnu fjárhagsáætlunar 2014. Bæjarráð fór yfir rekstur 2013. Fyrirhugaðir eru vinnufundir í fjárhagsáætlunargerð næstu daga.*
4. **Önnur mál**  
*Umræður urðu um rjúpnaveiði í landi Blönduósarbæjar. Bæjarráð samþykkir að banna rjúpnaveiðar í Vatnahverfi og Kúagirðingu.*



## Bæjarráð Blönduósarbæjar

*Bæjarstjóra falið að auglýsa bannið.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 20:30*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)*

*Kári Kárason (sign.)*

*Þórdís Hauksdóttir (sign.)*